



Nemastofa atvinnulífsins
Ólafur Jónsson
Vatnagarðar 20
104 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2022
Tilv.: MRN22020661/9.3.2

Efni: Styrkveiting til Nemastofu atvinnulífsins


Styrkveitingin snýr að sérstöku samkomulagi um tveggja ára átaksverkefni á milli mennta- og barnamálaráðuneytis og Nemastofu atvinnulífsins fyrir árin 2022-2023. Verkefni samkvæmt samkomulagi þessu lúta að eftirfarandi:


1. Átak í að fjölga fyrirtækjum í birtingaskrá til framtíðar. Mælanleg markmið verði sett fyrir árin 2022-2023. Átakið verði bæði í formi kynningarherferðar en einnig í formi leiðsagnar og aðstoðar beint við einstök fyrirtæki/iðnmeistara.
2. Átak í að fjölga nemaplássum. Í þessu átaki verði horft til þess að hvetja fyrirtæki, eftir stærð, til að skilgreina varanleg nemapláss í rekstrinum. Lögð verður sérstök áhersla á þær iðngreinar sem búa við nemafæð.
3. Fyrirtækjum verði leiðbeint við meðhöndlun og virkni birtingaskrár og rafrænnar ferilbókar m.a. þegar kemur að kortlagningu á getu fyrirtækja/iðnmeistara til að kenna einstaka verkþætti.
4. Stuðla að góðu starfsumhverfi nema óháð kyni.

Ákveðið hefur verið að veita 10 m.kr. til þessara verkefna árið 2022. Styrkupp hæðin greiðist í tvennu lagi. Í framhaldi af útgáfu þessa bréfs greiðist 80% styrkupp hæðar. Eftirstöðvar greiðast þegar mennta- og barnamálaráðuneyti hefur borist greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör sem senda skal á ráðuneytið fyrir 1. desember 2022 á netfangið mrn@mrn.is á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á veffanginu <https://www.stjornarradid.is/verkefni/meningarmal/styrkir-og-sjodir/>. Forsenda lokagreiðslu er að ráðuneytið fallist á að markmiðum verkefnis hafi verið náð og að styrkþegi hafi uppfyllt skilmála styrksins sem eru neðar í þessu bréfi og á heimasíðu mennta- og barnamálaráðuneytis www.mrn.is.

Vinsamlegast sendið beiðni um greiðslu ásamt upplýsingum um kennitölu og bankareikningsnúmer til mennta- og barnamálaráðuneytis, Sölvhólsstöðu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið thorveig.thormodsdottir@mrn.is. Vísið til tilvísunarnúmers þessa bréfs í erindinu.

Fyrir hönd ráðherra


Björg Pétursdóttir


Hrafnkell Tumi Kolbeinsson

Almennir skilmálar sem gilda um styrki á vegum ráðuneytisins:

1. Skuldbinding styrkþega

Með því að taka á mótí styrknum lýsir styrkþegi því yfir að hann ábyrgist að styrknum verði einungis varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri og hlíta öðrum skilmálum styrksins.

2. Upplýsingagjöf og skýrslur

Styrkþega er skylt að tilkynna mennta- og barnamálaráðuneyti tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt. Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni mennta- og barnamálaráðuneytis um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal senda mennta- og barnamálaráðuneyti greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því verkefninu lýkur. Greinargerðin skal staðfest af styrkþega og óháðum einstaklingi/skoðunarmanni eða endurskoðanda.

Ljúki verkefninu ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal senda ráðuneytinu tölvupóst til að upplýsa um stöðu verkefnisins fyrir lok janúar árið eftir.

Eyðublað fyrir greinargerð fæst í móttöku ráðuneytisins og á veffanginu mrn.is.

Styrkþegi ber ábyrgð á að skila skattyfirvöldum fjárhagsuppgjöri og að öll gögn sem uppgjör byggir á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ársreikninga nr. 46/2016.

3. Styrktaraðili nefndur í kynningarefni

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það er styrkt af mennta- og barnamálaráðuneyti. Hér má nálgast nýtt merki ráðuneytisins á íslensku og ensku: <https://www.stjornarradid.is/gogn/honnunarstadall/>

4. Endurkröfuréttur ráðuneytisins

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en tilgreint er í umsókn eða skilmálar skv. lið 2 og 3 ekki uppfylltir, teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkur fellur niður hafi hann ekki verið sóttur innan eins árs frá dagsetningu styrkbréfs.

5. Ágreiningur

Ágreiningi milli styrkþega og mennta- og barnamálaráðuneytis sem þessum aðilum tekst ekki að leysa skal vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Framangreindir skilmálar gilda nema annað sé tekið fram í bréfi.